




AUSTURBRÚ

þekking - þróun - þjónusta

Ársskýrsla 2017



Efnisyfirlit

Ávarp framkvæmdastjóra	1
Um Austurbrú	2
Samband sveitarfélaga á Austurlandi – SSA	6
Atvinnuþróunar-, menningar- og markaðsverkefni	8
Verkefni tengd menntun og rannsóknum	29
Önnur verkefni og þjónusta	38

Austurbrú- Ársskýrsla 2017, mars 2018

Útgefandi: Austurbrú ses.
Umbrot: Gjallarhorn ehf.
Myndir: Rhombie Sandoval o.fl.
Höfundar: Starfsfólk Austurbrúar

Austurbrú | Vonarlandi, 700 Egilsstaðir | 470-3800 | austurbru.is | austurbru@austurbru.is

Ávarp framkvæmdastjóra



Á unglingsárunum vann ég oft við mjaltir í Norðfjarðarsveit. Ég lít til baka og mér þykir vænt um þessa minningu, einkum vegna þess að starfið er ekki lengur til í þeirri mynd sem það var nema e.t.v. á smáum búum. Tæknin hefur leyst mannshöndina af hólmi.

Ég gæti nefnt fleiri störf til sögunnar sem ég vann á mínum fyrstu árum á vinnumarkaði sem eru ýmist horfin eða munu hverfa á næstu árum. Róbótar og önnur hátækni er komin til að vera og þróunin hröð, svo hröð að það er erfitt að henda reiður á hana og við vitum ekki hvert hún mun leiða okkur næstu árin og áratugin.

Í daglegu tali ganga þessar breytingar undir nafninu „fjórða iðnbyltingin“ sem vísar bæði til tækniframfara undanfarinna ára og þeirra sem eru í vændum. Á ég við gervigreind, róbótatækni, sjálfkeyrandi bíla, sjálfvirknivæðingu og margt, margt fleira sem lætur mér líða eins og ég hafi lifað tímana tvenna ef ekki þrenna og samt er ég bara rétt liðlega fertug!

Þessar breytingar munu valda víðtækum samfélagsbreytingum á næstu árum og áratugum og þær eru síður en svo bara að eiga sér stað úti í hinum stóra heimi. Þær eiga sér stað beint fyrir framan nefið á okkur og í þeim eru fólgin mörg tækifæri en líka ógnir ef við erum ekki tilbúin að takast á við þær. Fyrir Austurbrú skapar þetta augljós tækifæri. Símenntun hefur frá stofnun Austurbrúar verið lykilþáttur í starfsemi enda liggja sumar rætur hennar til þekkingarnets Austurlands sem sinnti símenntun Austfirðinga af miklum krafti um árabíl.

Grunnforsendur sí- og endurmenntunarstarfsemi eins og okkar eru m.a. þær að samfélagið breytist og þarfir þess líka. „Lærðu eitthvað gagnlegt,“ sögðu foreldrar við börn sín að loknum grunnskóla hér áður fyrr, og gera sennilega enn, en í hverju er gagnsemin fólgin? Við því er ekkert einfalt svar enda virðist gagnsemin algerlega háð tíma. „Praktískt“ nám dagsins í dag verður ekki það sama á morgun.

Þekkingarleitinn er því æviverkefni ef vel á að vera en ekki bundin við afmarkaðan tíma ævinnar eins og hefur verið hjá mörgum okkar. Við vinnum ekki lengur sömu vinnuna alla tíð heldur flökkum við á milli, tökum jafnvel u-beygjur um miðjan aldur og gerum eitthvað allt annað en við ætluðum okkur upphaflega. Vissulega getur hvatinn verið persónulegur, að fólk vilji einfaldlega breyta til, en hann er ekkert síður samfélagslegs eðlis. Umhverfið kallar einfaldlega á að vinnuaflað sé sveigjanlegt og að fólk geti aðlagast breyttum aðstæðum. Og aðstæðurnar breytast oft ansi hratt og stundum, að því er virðist, fyrirvaralaust.

Hvort sem fólk gerir breytingar á lífi sínu af persónulegum eða samfélagslegum ástæðum þarf stofnun eins og Austurbrú að vera í stakk búin að aðstoða það. Það er okkar verkefni. Við þurfum að gera okkur gildandi í heimi þar sem kona um þrítugt getur sem best stundað fjarnám í grafískri hönnun við skóla í Ástralíu ef innlendar menntastofnanir svara ekki þörfum hennar (þetta er raunverulegt dæmi).

Innreið fjórðu iðnbyltingarinnar er hafin og við munum sjá þess merki víða á allra næstu árum.

Jóna Árný Þórðardóttir
framkvæmdastjóri Austurbrúar

Um Austurbrú

Austurbrú er sjálfseignarstofnun sem stofnuð var 8. maí 2012. Austurbrú vinnur að hagsmunamálum íbúa á Austurlandi og veitir samræmda og þverfaglega þjónustu tengda atvinnulífi, menntun og menningu. Stofnunin stuðlar að og ýtir undir þróun samfélags, atvinnulífs, háskólanáms, símenntunar, rannsókna og menningarstarfs á Austurlandi.

Austurbrú er fyrsta stofnun sinnar tegundar á Íslandi. Markmiðið með henni er að einfalda stjórnsýslu, vera vettvangur fyrir samstarf og samþættingu og vinna metnaðarfullt starf, íbúum Austurlands til hagsbóta.

Hjá Austurbrú starfa að jafnaði um tuttugu manns, dreifðir um allt Austurland.

Fundir

Ársfundur Austurbrúar ses. 2016 var haldinn í Végarði í Fljótsdal þann 8. maí en í framhaldi af honum var haldið málþing um húsnæðismál á Austurlandi.

Stjórn Austurbrúar hélt 12 fundi á árinu og má finna fundargerðir árs- og stjórnarfunda á heimasíðu hennar. Nánari upplýsingar um fjármál og rekstur Austurbrúar 2017 má finna í ársreikningi sem einnig er að finna á heimasíðunni.



Ársfundur Austurbrúar var haldinn í Végarði í Fljótsdal.
Í beinu framhaldi af honum fór fram málþing um húsnæðismál á Austurlandi.

Upplýsingamiðlun

Austurbrú á og rekur heimasíðuna austurbru.is þar sem finna má helstu upplýsingar um Austurbrú og fréttir af starfsemi hennar. Á árinu 2017 birtust á síðunni 43 fréttir og auk fjölda tilkynninga- og auglýsinga. Hægt er að gerast áskrifandi af fréttum Austurbrúar með því að skrá sig á póstlista stofnunarinnar á heimasíðu hennar.

Austurbrú rekur auk þess Facebook-síðu sem uppfærð er daglega.

Nýir þjónustusamningar – Austurland*

Þann 1. janúar 2018 tóku nýir samstarfssamningar, undir nafninu Austurland*, gildi í stað fyrri þjónustusamninga. Markmið nýs fyrirkomulags er að efla samkeppnisstöðu Austurlands með víðtæku samstarfi ríkis, sveitarfélaga, stofnana, fyrirtækja og einstaklinga um verkefni er stuðla að framþróun svæðisins.

Starfslið, stjórn og nefndir

Stjórn Austurbrúar 2017-2018

Af vettvangi sveitastjórnarmála:
Jón Björn Hákonarson (formaður)
Sigrún Blöndal
Gauti Jóhannesson
Arnbjörg Sveinsdóttir (varamaður)

Af vettvangi atvinnulífs, menntunar og menningar:
Sveinn Jónsson
Sæunn Stefánsdóttir
Adolf Guðmundsson (varamaður)

Starfsháttanefnd Austurbrúar 2017 - 2018

Ásdís Helga Bjarnadóttir
Skúli Björn Gunnarsson
Valdimar O. Hermannsson

Siðanefnd Austurbrúar 2017 - 2018

Aðalheiður Árnadóttir
Gunnlaugur Sverrisson
Sigríður Rún Tryggvadóttir

Í lok árs 2017 voru starfsmenn alls 23 í 18 stöðugildum. Þetta voru:

Anna Alexandersdóttir, staðgengill framkvæmdastjóra og verkefnastjóri á Egilsstöðum

Anna Bjarnadóttir, skrifstofustarf á Norðfirði

Ásta Dórothea Hallgrímsdóttir, ræstítæknir á Egilsstöðum

Elfa Hlín Pétursdóttir, verkefnastjóri á Seyðisfirði

Else Möller, verkefnastjóri á Vopnafirði

Guðrún Á. Jónsdóttir, yfirverkefnastjóri kjarnaverkefna á Norðfirði

Hrönn Jakobsdóttir, þjónustufulltrúi á Egilsstöðum

Hrönn Grímsdóttir, náms- og starfsráðgjafi á Norðfirði

Hulda Guðnadóttir, verkefnastjóri á Reyðarfirði

Jón Knútur Ásmundsson, verkefnastjóri á Reyðarfirði

Jón Steinar Garðarsson Mýrdal, verkefnastjóri á Egilsstöðum

Jóna Árný Þórðardóttir, framkvæmdastjóri

Jóney Jónsdóttir, verkefnastjóri SSA á Egilsstöðum

Jónína Brynjólfssdóttir, verkefnastjóri á Egilsstöðum

Kjartan Glúmur Kjartansson, verkefnastjóri á Reyðarfirði

Lára Vilbergsdóttir, verkefnastjóri á Egilsstöðum

Lilja Dögg Björgvinsdóttir, verkefnastjóri á Djúpavogi

Líneik Anna Sævarsdóttir, verkefnastjóri á Reyðarfirði

María Hjálmarsdóttir, verkefnastjóri á Reyðarfirði

Signý Ormarsdóttir, yfirverkefnastjóri sérverkefna á Egilsstöðum

Sigrún Víglundsóttir, verkefnastjóri á Norðfirði

Tinna K. Halldórsdóttir, verkefnastjóri á Egilsstöðum

Þórveig Jóhannsdóttir, sérfræðingur á Egilsstöðum



Samband sveitarfélaga á Austurlandi (SSA)

Dagana 29. og 30. september 2017 var 51. aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík. Að venju var fjallað um hin ýmsu mál sem snerta landshlutann í heild og samþykktar fjölmargar ályktanir sem varða mál-efni hans. Auk þess kynnti fulltrúi samtakanna Ungt Austurland verkefni og áherslumál samtakanna, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra ræddi um samgöngumál og í málstofum var annars vegar rætt um grunnþjónustu á landsbyggðinni og hins vegar um fjármálaáætlun til fimm ára.

Á fundinum voru eftirtaldir kosnir í stjórn SSA starfsárið 2017-2018: Andrés Skúlason, Eydís Ásbjörnsdóttir, Hákon Hansson, Jens Garðar Helgason, Margrét Guðjónsdóttir, Sigrún Blöndal og Stefán Grímur Rafnsson. Varamenn: Sóley Dögg Birgisdóttir, Einar Már Sigurðarson, Svandís Ingólfssdóttir, Pálína Margeirsdóttir, Jakob Sigurðsson, Gunnar Jónsson og Eyjólfur Sigurðsson. Á fyrsta fundi stjórnar var Sigrún Blöndal kjörin formaður, fyrsti varaformaður Jens Garðar Helgason og annar varaformaður Stefán Grímur Rafnsson. Þau eiga samhlíða sæti í framkvæmdaráði SSA.

Samgöngunefnd SSA starfar á milli aðalfunda en hana skipa átta fulltrúar, einn frá hverju sveitarfélagi á Austurlandi. Á heimasíðu SSA má finna upplýsingar um fulltrúa í nefndinni ásamt samþykktum hennar. Þá var skipuð milliþinganefnd sem fara skyldi yfir starfsemi SSA, samþykktir og samninga við Austurbrú. Nefndin á að skila álitum á vormánuðum 2018 og niðurstöðu og tillögum á aðalfundi SSA 2018.

Helstu verkefni

Eitt af meginverkefnum SSA á starfsárinu var að vinna eftir samningi um sóknaráætlun Austurlands 2015-2019.

Í febrúar 2018 var úthlutað úr Uppbyggingarsjóði Austurlands sem hefur það hlutverk að styrkja menningar-, nýsköpunar- og atvinnuþróunarverkefni í samræmi við sóknaráætlun Austurlands. Að þessu sinni var rúmum 60 milljónum úthlutað til yfir 80 verkefna sem efla munu atvinnuþróun og menningu í landshlutanum. Áhersluverkefni samnings um sóknaráætlun á árinu voru menningarstarf á Austurlandi en markmið þess er að standa vörð um þann mikla og góða árangur sem náðst hefur í uppbyggingu faglegs menningarstarfs á Austurlandi og halda áfram á sömu braut.

Einnig var markaðssetning Egilsstaðaflugvallar sem alþjóðlegs flugvallar áhersluverkefni en markmið þess er áframhaldandi vinna við að opna aðra gátt inn í landið með millilandaflugi um Egilsstaðaflugvöll. Haldið var áfram með verkefnið Áfangastaðurinn Austurland þar sem markmiðið er að auka aðráttarafi og samkeppnishæfni Austurlands. Einnig var byggðaráðstefna samtakanna Ungt Austurland styrkt og Austurbrú falið að kanna fjarnámsþörf á Austurlandi. Á fimmta tug milljóna var varið í áhersluverkefni árið 2017.

Nánar er fjallað um úthlutun Uppbyggingarsjóðsins og áhersluverkefnin síðar í skýrslunni.



Þá var unnið að Svæðisskipulagi Austurlands sem tekur til allra sveitarfélaganna sem landfræðilegrar, hagrænnar og félagslegrar heildar. Einnig var unnið að ljósleiðaraáætlun fyrir landshlutann auk loftlags-áætlunar.

Skipulag og rekstur almenningsamgangna á Austurlandi heyrir undir starfssviði SSA. Góðar almennings-samgöngur eru mikilvægur þáttur í eflingu byggðar en það er stórt verkefni fyrir landshlutasamtök að koma á fót heildstæðu kerfi og tryggja rekstur slíkrar starfsemi, einkum í dreifðum samfélögum. Stofnað var til einkahlutafélags um rekstur almenningsamgangna á Austurlandi og ber það heitið SvAust. SvAust mun hefja starfsemi 1. apríl nk. og annast rekstur þessarar mikilvægu þjónustu.

Fundargerðir stjórnar, ályktanir og upplýsingar um aðalfundi, sem og samþykktir, má finna á heimasíðu SSA (ssa.is).

Atvinnuþróunar-, menningar- og markaðsverkefni

Markmið atvinnuþróunarverkefna Austurbrúar er að efla og skapa tækifæri til uppbyggingar í atvinnu- og byggðaðróun á Austurlandi og vinna eftir stefnumótun landshlutans. Markaðshlutverk Austurbrúar snýr að markaðssetningu Austurlands í heild til atvinnu, búsetu og fjárfestinga. Í sumum tilvikum eru verkefnið hvort tveggja í senn, þ.e. atvinnuþróunar- og markaðssetningarverkefni. Markmið menningarverkefna Austurbrúar er að byggja undir faglegt menningarstarf á Austurlandi.

Efling Egilsstaðaflugvallar

Verkefnið heldur áfram og eftir reynslu ársins 2016 (þar sem unnið var með bresku ferðaskrifstofunni Discover the World um beint flug á milli Egilsstaða og London) var upplýsingum og tölfræði safnað saman sem nýttist vel í áframhaldandi samtöl við aðra áhugasama aðila um beint flug til Austur- og/eða Norðurlands.

Fulltrúar erlends flugfélags komu í heimsókn til Austur- og Norðurlands sl. sumar, skoðuðu aðstæður og hittu m.a. þáverandi fjármálaráðherra, bæjarstjóra og formann SSA á fundum og fengu kynningu á Egilsstaðaflugvelli. Heimsóknin þótti takast vel en hún var skipulögð af Austurbrú, Isavia og Markaðsstofu Norðurlands.

Í nóvember fóru fulltrúar Austurbrúar auk bæjarstjóra Fljótsdalshéraðs á World Travel Mart ferðasýninguna sem haldin var í London og héldu þar áfram samtöl við mögulega samstarfsaðila. Þessi vinna heldur áfram á árinu 2018.

Fulltrúar Egilsstaðaflugvallar, þ.á.m. verkefnastjóri Austurbrúar, munu fara á Routes Europe flugráðstefnuna sem haldin er í Bilbao á Spáni í apríl 2018.

Áfangastaðurinn Austurland

Verkefnið Áfangastaðurinn Austurland spilar stórt hlutverk í markaðssetningarstarfi Austurbrúar. Á árinu 2017 var farið í talsverða vinnu við að útbúa bæklinga og upplýsingaefni um verkefnið sem sveitarfélög og aðrir hagsmunaaðilar geta nýtt sér í áframhaldandi vinnu en samvinna innan Austurlands um framgang verkefnisins er forsenda þess að það skili tilætluðum árangri.

Á árinu 2017 voru þróuð verkfæri, m.a. ljósmyndatungumál, þjónustunámskeið, markhópagreiningar og myndabanki en öll þessi verkfæri (fyrir utan þjónustunámskeiðin) standa okkar samstarfsaðilum til boða nú þegar. Þjónustunámskeiðin eru enn í vinnslu.

Vefurinn Austurland.is í var opnaður í mars við hátíðlega athöfn á Egilsstaðaflugvelli. Vakti viðburðurinn og opnun síðunnar mikla athygli en heilt yfir má segja að Áfangastaðaverkefnið hafi vakið athygli víða. Talsvert er óskað eftir því að verkefnastjóri þess kynni það fyrir áhugasömum aðilum. Þannig var verkefnastjóra t.d. boðið að halda erindi á fjölmennum fundi Sambands íslenskra sveitarfélaga og þá var verkefnið kynnt - og þá einkum heimasíðan Austurland.is- á Hönnunarmars í Reykjavík þann 24. mars.



Frá athöfn á Egilsstöðum þar sem Áfangastaðurinn Austurland tók flugið og heimasíðan Austurland.is var formlega opnuð. Fulltrúar frá sveitarfélögunum á Austurlandi fylkja sér undir fána Austurlands.



Frá vinnustofunni Áfram veginn – Áfram Austurland sem haldin var í Sláturhúsinu á Egilsstöðum í október 2017. María Hjálmarsdóttir (lengst til vinstri) stýrir hópavinnu.



Gert var sérstakt átak í almannatengslum og kynningu á verkefninu innan fjórðungs með reglubundnum skrifum í héraðsfréttamiðla á Austurlandi.

Samstarf Austurbrúar við sveitarfélögin á Austurlandi vegna verkefnisins var mikil og nán. Vinna við skilgreindar ferðaleiðir á Austurlandi hefur staðið yfir og þá voru þróuð svokölluð „No Camper“ skilti í samstarfi við sveitarfélögin með útliti Áfangastaðarins Austurlands. Fimm sveitarfélög keyptu skilti og settu upp á árinu og mun þessi vinna halda áfram á árinu 2018.

Samstarf var líka mikið við Íslandsstofu á árinu, bæði í tengslum við almennt markaðsstarf og þróun millilandaflugs frá Egilsstöðum. Íslandsstofa notaði Austurland sem eitt helsta viðfangsefni í herferðinni Ísland A til Ö sem farið var í árið 2017. Sú mikla undirbúningsvinna sem farið hefur fram í tengslum við Áfangastaðinn Austurland skiptir sköpum þegar svona árangur næst.

Áframhaldandi vinna við Austurland.is og þróun verkfæra er fyrir séð á ársinu 2018 enda mikilvægt að vefurinn sé lifandi og endurspegli þá miklu grósku sem finna má í fjórðungnum.

Áfangastaðaáætlun fyrir Austurland - DMP

Sú hraða þróun sem hefur átt sér stað í ferðaþjónustu á Íslandi felur í sér áskorun um betri stjórnun á ýmsum þáttum. Ekki síður skapar hún ótal tækifæri sem brýnt er að nýta til hins ýtrasta. Um nokkurt skeið hefur verið í gangi undirbúningsvinna fyrir DMP – Destination Management Plan eða áfangastaðaáætlunir á landsvísi. DMP er heildstætt ferli þar sem litið er til skipulags og samhæfingar í þróun og stýringu allra þeirra þátta sem geta haft áhrif á upplifun ferðamanna á viðkomandi svæði/áfangastað, þ.m.t. þarfir gesta, heimamanna, fyrirtækja og umhverfis.

Þessar áætlunir eru unnar út frá hverju landsvæði fyrir sig og stýrir Austurbrú vinnu við DMP fyrir Austurland í samstarfi við Ferðamálastofu. Innan Austurbrúar koma allnokkrir aðilar að vinnunni og byggir DMP áætlun fyrir Austurland á þeirri vinnu sem átt hefur sér stað síðastliðin þrjú ár í verkefninu Áfangastaðurinn Austurland. Sveitarfélög á Austurlandi hafa komið að vinnunni frá upphafi og einn fulltrúi frá hverju sveitarfélagi tekur þátt í vinnuhóp sem kallast markaðsráð sveitarfélaganna. Þar er m.a. DMP vinnan rædd sem og aðrar áherslur fyrir svæðið. Einnig var myndaður stýrihópur DMP-vinnunar á árinu sem samanstendur af fulltrúum frá sveitarfélögum, fyrirtækjum og frumkvöðlum á svæðinu.

Í lok október 2017 var haldin vinnustofa í Sláturhúsinu á Egilsstöðum undir yfirskriftinni Áfram veginn – Áfram Austurland. Vinnustofan var liður í innleiðingu og kennslu á verkfæri Áfangastaðarins sem þróuð hafa verið á síðustu árum. Einnig var farið yfir áherslur í stefnumótun fyrir svæðið og hönnun í ferðaþjónustu. Íslandsstofa kynnti markhópagreiningu á fundinum og Íslenski ferðaklasinn og Nýsköpunarmiðstöð Íslands kynntu Ratsjána og Start-up Tourism. Góð mæting var á vinnufundinn en um 50 ferðaþjónustuaðilar voru skráðir til þátttöku.

Þá lauk framkvæmdum við rannsókn í haust á viðhorfum heimamanna til Austurlands sem búsetu- og ferðamannastaðar en sambærileg könnun var framkvæmd árið 2015. Um 900 svör bárust og er enn verið að vinna úr þeim upplýsingum sem söfnuðust. Þessi könnun mun nýtast vel í DMP vinnunni sem framundan er.

Áætlað er að DMP-áætlun fyrir Austurland verði tilbúin um mitt ár 2018.

Austurland.is

Vefurinn Austurland.is opnaði á árinu sem fyrr segir og er hugsaður sem lendingarsíða fólks sem leitar að upplýsingum um Austurland. Þá er hann líka hugsaður sem innri vefur með fróðleik og verkfærum fyrir samstarfsaðila Austurbrúar. Á innri vefnum má finna gagnabanka með upplýsingum um helstu innviði svæðisins, ljósmyndabanka, útlitsstaðla, ljósmyndaleiðbeiningar og fleira. Vefurinn mun aukinheldur hýsa námskeið, unnin í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og ætluð fólki sem sinnir þjónustustörfum á Austurlandi. Von Austurbrúar er að vefurinn muni í framtíðinni þjóna mikilvægu hlutverki í framþróun ferðaþjónustunnar á Austurlandi.

Móttaka blaðamanna

Að venju voru nokkrar blaðamannaferðir skipulagðar á árinu. Í upphafi árs kom blaðamaður frá breska tímaritinu Radio Times vegna útgáfu þáttaraðarinnar Fortitude á DVD og ferðaðist með leiðsögn um tókustaði þáttanna í Fjarðabyggð. Tekið var á móti stórum hópi blaðamanna frá Bandaríkjunum og Bretlandi á árinu í tengslum við herferð Íslandsstofu, A-Ö. Blaðamenn frá Lonely Planet komu í heimsókn á vegum ferðaskrifstofunnar Discover the World um mitt ár. Hér til hægri eru helstu greinar sem ritaðar voru um Austurland í kjölfar þessara blaðamannaferða:

Why you need to go to East Iceland before everyone else does, Marie Claire UK
Forget five-star spas; a week in east Iceland's fresh air is a better tonic than any fancy treatment, says Anna Silverman, Grazia
East Iceland offers a dream-like escape in sparsely populated landscape, Daily News
Fortitude: inside season two, Celebs Now
Lights fantastic: Iceland's magical welcome, Daily Star

Fyrir utan skipulagningu blaðamannaferða er ótal fyrirspurnum frá blaðamönnum, ljósmyndurum, kvikmyndagerðarfólki og bloggurum svarað í gegnum netfangið east@east.is.

East.is, Facebook og Instagram

Ferðaþjónustuvefurinn East.is var í stöðugri uppfærslu á árinu 2017. Á síðunni má finna mikið af hagnýtum upplýsingum, s.s. um einstök ferðaþjónustufyrirtæki, veitingastaði, gistingu og afþreyingu en auk þess er rekið viðburðadagatal á vefnum sem tiltekur helstu menningarviðburði sem haldnir eru í fjórðungnum.



think outside the circle*



PEOPLE / 10-11

Ease your mind – Yoga in Neskaupstaður

EXPLORE / 12-13

Rhombie's road trip

WORK / 14-15

Living and working in small towns

LIVING / 18-19

Who lives in Austurland?

AUSTURLAND

Yfir háannatímamann (júni til ágúst) er vefurinn heimsóttur að jafnaði um 18.000 sinnum á mánuði sem er aukning frá fyrri árum.

Auk þess rekur Austurbrú Facebook-síðu (facebook.com/austurlandeasticeland) tengda East.is og er hún uppfærð reglulega með tilkynningum, ljósmyndum og fréttum frá Austurlandi. Áhængendum síðunnar fjölgaði úr 3561 í lok árs 2016 í 3834 í lok árs 2017. Þessi aukning er alfarið „lífræn“, þ.e. engar auglýsingar eru keyptar til að fjölga fylgjendum.

Árið 2017 var gert átak til að efla Instagram-síðu Visit East Iceland (instagram.com/visitausturland). Síðan hefur verið mjög virk og fjöldi fylgjenda tvöfaldast á nokkrum mánuðum, voru tæplega 500 í lok árs 2016 en rúmlega 1000 í lok 2017.

Útgáfa markaðsefnis

Þjónustukortið var endurútfært árið 2017 í samstarfi við sveitarfélög og ferðaþjónustuaðila. Vegna endurskoðunar á kortinu, þar sem farið var yfir útlit (í samræmi við útlitsstaðla Áfangastaðarins Austurlands) og upplýsingar, tafaðist útgáfa þess um nokkrar vikur en það fór í dreifingu um miðjan júní. Til að brúa bilið var kortið frá 2016 endurútfært í maí í 12.000 eintökum. Nýja og endurskoðaða kortið var alls prentað í 55.000 eintökum en það er prentað bæði að sumri og hausti. Alls fóru því 67.000 eintök af Austurlandskortinu í dreifingu á árinu 2017 en síðustu ár hafa verið prentuð 40.000 eintök af þjónustukorti Austurbrúar. Hefur sá fjöldi oftast annað eftirspurninni. Það er því ljóst að eftirspurn eftir prentuðu markaðsefni frá Austurlandi var meiri á árinu 2017 en oft áður.

Útgáfu „smábókar“ var hætt á árinu. Var það metið svo að hún væri barn síns tíma og að fjármagni og vinnustundum starfsmanna Austurbrúar væri betur varið í vinnu við eflingu á þjónustukortinu.

Fyrsta tölublað tímaritsins Think outside the Circle kom út samhliða opnun heimasíðunnar Austurland.is. Tímaritið innihélt greinar á ensku um Austurland og Austfirðinga. Fjallað var á mannlegan hátt um fólk á svæðinu, menningar- og atvinnulífið. Útgáfu tímaritsins verður haldið áfram á árinu 2018.

Markaðsbæklingur miðaður að flugfélögum var gefinn út 2017. Þar voru tölulegar upplýsingar teknar saman, sem og möguleikar á svæðinu fyrir mismunandi markhópa. Þá var gefin út „activity guide“ sem nýttur var á ferðasýningum sumarið og haustið 2017 og fjallaði um afþreyingarmöguleika á Austurlandi.

Sýningar og kaupstefnur

Austurbrú tók þátt í þremur sýningum á árinu. Mannamót eru haldin árlega til að kynna ferðaþjónustuna á landsbyggðinni og að þessu sinni tóku 17 ferðaþjónustufyrirtæki frá Austurlandi þátt í sýningunni sem haldin var í Reykjavík í lok janúar. Í febrúar tók Austurbrú þátt í MidAtlantic kaupstefnunni í Reykjavík og í september í VestNorden sem að þessu sinni var haldin í Grænlandi.

Austurbrú hefur kappkostað að á þessum sýningum sé Austurland sýnt sem ein heild. Það hefur verið gert með því að samræma útlit sýningarbása þannig að hvert og eitt fyrirtæki virki sem fulltrúi Austurlands alls.

Birtingaráætlun

Undanfarin ár hefur Austurbrú haft umsjón með birtingaráætlun Austurlands þar sem sveitarfélögin leggja saman fjármagn í einn sjóð sem nýttur er til auglýsingakaupa þar sem vakin er athygli á fjórðungnum og því sem hann hefur að bjóða ferðamönnum.

Áætlunin er í sífelltri þróun og á þessu ári voru gerðar talsverðar áherslubreytingar. Dregið var úr birtingum í prentmiðlum en aðeins voru keyptar tvær stórar birtingar, annars vegar í Iceland Review og hins vegar í Reykjavík Grapevine.

Megnið af fjármagninu var nýtt til birtinga á vefnum og í uppbyggingu myndabanka. Vefbirtingarnar fólust í leitarvélaauglýsingum hluta af árinu en lagt var upp með að auglýsa fjórðunginn fyrstu og síðustu mánuði ársins. Þetta er til að tryggja sýnileika okkar á Google-leitarvélinni. Þá voru notaðir svokallaðir „remarketing“ borðar sem beint er að fólki sem heimsótt hafði East.is.

Fjármagninu verður beitt enn frekar í þessar áttir á komandi árum en birtingaráætlun er unnin í samráði við sveitarfélögin á Austurlandi.

Ljósmyndaverkefni

Í mörg ár hefur legið fyrir að nýtt myndefni frá Austurlandi hefur vantað en það er gríðarlega mikilvægt fyrir stofnun eins og Austurbrú að eiga gott myndasafn. Mikið er leitað til Austurbrúar eftir myndum og í tengslum við Áfangastaðinn Austurland hefur verið settur staðall sem kallar á að notaðar séu góðar ljósmyndir í kynningarefni um Austurland.

Í lok árs 2016 byrjaði undirbúningur að ljósmyndaverkefni og var farin sú leið að leita eftir ljósmyndara sem gæti unnið með Austurbrú tímabundið við myndatökur. Drjúgur tími fór í að skoða ljósmyndara á svæðinu en að lokum var ákveðið að ráða bandaríska ljósmyndarann Rhombie Sandoval sem hafði verið búsettur um tíma á Seyðisfirði og var laus á þeim tíma sem hentaði. Hún dvaldi á Austurlandi í tvö skipti. Annars vegar frá miðjum febrúar fram í miðjan mars og hins vegar í júlí og tók myndir. Niðurstaðan er myndasafn sem telur nokkur hundruð ljósmyndir og úrval þeirra má nálgast í myndabanka á Austurland.is sem samstarfsaðilar okkar, ferðaskrifstofur og fjölmiðlar hafa aðgang að.

Leiðar- og markaðssjóður

Framkvæmdastjóri Austurbrúar situr í stjórn leiðar- og markaðspróunarsjóðs fyrir Akureyrar- og Egilsstaðaflugvöll. Á árinu var 2017 var fundað átta sinnum í stjórn flugþróunarsjóðs en í henni sitja fulltrúar frá Austurbrú, Markaðsstofu Norðurlands, Isavia, Íslandsstofu, atvinnuvegaráðuneytinu, forsætisráðuneytinu og fjármálaráðuneytinu. Talsverð vinna hefur farið í þróun á sjóðnum en verkefnastjórar flugvallarverkefna rýna umsóknir ásamt stjórn sjóðsins.

Mikilvægt er að unnið verði meira markaðsstarf í tengslum við sýnileika sjóðsins á erlendri grundu og hafa Austurbrú og Markaðsstofa Norðurlands lagt áherslu á að sjóðurinn verði sýnilegri. Austurland og Norðurland hafa verið mjög samstíga, bæði varðandi samtöl við ráðuneytin sem og aðra sem að umgjörð sjóðsins koma.

Frá ferðasýningunni Mannamót sem haldin er árlega í flugskýli Flugfélagsins Ernis í Reykjavík.



Rhombie Sandoval, ljósmyndari, við störf á Dalatanga.



Innanlandsflug

Austurbrú hafði frumkvæði að því að efna til samstarfs við atvinnuþróunarfélög og Byggðastofnun í tengslum við hina svonefndu „skosku leið“ en hún snýst um að hið opinbera niðurgreiði flugfargjöld fyrir skilgreind svæði á landsbyggðinni. Efnt var til málþings til að miðla þeirri þekkingu sem safnað hafði verið saman.

Málþingið fékk nafnið Innanlandsflug sem almenningssamgöngur, var haldið 4. október og vakti mikla athygli en um það var fjallað í fréttum sjónvarps og útvarps auk þess sem Jóna Árný, framkvæmdastjóri Austurbrúar, og Ívar Ingimarsson ræddu málið á víðum grunni í fréttaskýringabættinum Kastljósi á RÚV. Þá vakti athygli fyrirlestur Rachel Hunter sem er svæðisstjóri fyrir Hjaltdandseyjar og Moray-sýslu hjá Highland and Island Enterprise (HIE) í Skotlandi. Hún lýsti áhrifum „skosku leiðarinnar“ á lífsgæði á sínu heimasvæði. Framkvæmdastjóri Austurbrúar flutti líka erindi á samgönguþingi þann 28. september um „skosku leiðina“.

Áhrif þessarar umræðu mátti greina í stefnuskrám stjórnmalaflokkana en gengið var til kosninga til Alþingis haustið 2017 og finna mátti umfjallanir um „skosku leiðina“ í stefnuþlögum margra stjórnmalahreyfinga. Segir í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnarinnar að unnið verði að því að gera innanlandsflug að hagkvæmari kosti fyrir íbúa á landsbyggðinni.

Sumarið 2017 var skipaður starfshópur um rekstur innanlandsflugvalla á vegum samgönguráðuneytisins en hópnum er líka falið að fjalla um „skosku leiðina“. Formaður starfshópsins er Njáll Trausti Friðbertsson, þingmaður og í hópnum situr, auk framkvæmdastjóra Austurbrúar, fulltrúi Isavia, Jón Karl Ólafsson. Fundaði starfshópurinn sjö sinnum á árinu 2017.

Upplýsingaveituverkefni

Í desember 2015 ýtti Ferðamálastofa úr vör þróunarverkefni um endurskoðun upplýsingaveitu til ferðamanna þar sem talin var rík þörf á styrkingu stoðkerfis ferðaþjónustunnar. Niðurstaðan var sett fram í skýrslunni Þróunarverkefni um endurskoðun á upplýsingaveitu til ferðamanna - Áfangaskýrsla 1 en þar eru settar fram tillögur að uppbyggingu nýs kerfis fyrir opinberar upplýsingaveitur yfir landið.

Í tillögunum var að finna skilgreiningar á einingum, hlutverki þeirra og ábyrgðarsviði og forgangsverkefnum fyrir árið 2017. Markaðsstofum landshlutanna, Höfuðborgarstofu og Safe Travel var falið að vinna forgangsverkefnið áfram í samstarfi við Ferðamálastofu. Unnið er út frá eftirfarandi málaflokkum: Öryggismálum, vefmálum og stafrænum upplýsingaveitum, gæða-, umhverfis- og fræðslumálum, merkingum og auðkennum.

Forgangsverkefnið um gæða-, umhverfis- og fræðslumál er unnið af Markaðsstofu Reykjaness og Austurbrú og voru helstu verkefni ársins 2017 almenn vinna við heildarverkefni og skipulagning málþings sem haldið var í Borgarnesi í júní 2017.





Skipulagning fræðslumála

Hæfnisetur ferðabjónustunnar leiddi vinnu um að gera starfaprófil fyrir starfsmenn í upplýsingamiðstöðvum. Hlutverk verkefnastjóra Austurbrúar var að sitja í stýrihóp og aðstoða við samsetningu vinnuhópa, samsetningu funda og aðstoða við skipulag. Starfaprófill hefur nú verið samþykktur og kynntur og unnið er að því að finna leiðir til að fjármagna gerð fræðslunnar.

Gæða- og umhverfismál

Verkefnastjóri Austurbrúar tók þátt í að vinna að þarfagreiningu og söfnun efnis fyrir gæðahandbók auk þess sem lagður var grunnur að frekara samstarfi og tengingu við Vakann, gæða- og umhverfiskerfi ferðabjónustunnar. Unnið var að gæðahandbók fyrir svæðismiðstöðvar og gestastofur sem tekur á almennum viðmiðum en hvert svæði getur aðlagð handbókina að sértækari viðmiðum. Gæðahandbókin kemur inn á önnur áhersluverkefni er tengjast opinberri upplýsingaveitu og mikilvægt að tengja það saman í lok verktímans.

Samstarf markaðsstofa / MAS

Markaðsstofur landshlutanna vinna saman að ýmsum hagsmunamálum. Þær funda átta sinnum á ári og koma hinar ýmsu samstarfsstofnanir, s.s. Íslandsstofa, Ferðamálastofa, skrifstofa ferðamála o.fl. inn á þessa fundi til að ræða hin fjölmörgu verkefni sem falla undir starf markaðsstofanna. Samstarfið snýr mikið að markaðs- og kynningarmálum auk ýmissar hagsmunagæslu fyrir landshlutana. Segja má að síðasta ár hafi mikil orka samstarfsvettvangsins farið í að tala fyrir auknum fjármunum út í landshlutana til að efla markaðsstofurnar.

Undanfarin tvö hefur verið bryddað upp á þeirri nýbreyttni að blása til haustráðstefnu um það málefni sem brennur á landsbyggðinni. Þann 12. október sl. fór ráðstefnan fram á Grand Hótel og var yfirskriftin Ferðamaðurinn eða fjárfestingin – hvort kemur á undan? Austurbrú var einn af skipuleggjendum ráðstefnunnar og tókst hún í alla staði mjög vel. Á ráðstefnunni fluttu m.a. Björgúlfur Jóhannsson ávarp auk þess sem aðilar úr greininni komu fram með sín sjónarhorn. Einnig var kynnt niðurstaða könnunar sem landshlutarnir vinna í samstarfi við Deloitte. Það virtist samdóma álit þeirra sem voru með framsögu að fjárfestingin yrði að koma á undan ferðamanninum sem er þá lykilþáttur í dreifingu ferðamanna.

Orkuskipti á Austurlandi

Verkefnið Orkuskipti á Austurlandi hefur verið starfrækt hjá Austurbrú frá haustinu 2016. Verkefninu er ætlað að stuðla að auknum rannsóknum og uppbyggingu á orkuinnviðum Austurlands með það að leiðarljósi að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Tveir meistaranemar unnu rannsóknarverkefni í samstarfi við Austurbrú í tengslum við orkuskipta- verkefnið á árinu. Miao Yu skrifaði meistararitgerðina Waste Heat Recovery from Aluminum Production við Háskólann í Reykjavík. Helstu niðurstöður verkefnisins eru að tæknilega mögulegt sé að nýta varma, er til verður við álframleiðslu og glatast út í andrúmsloftið eins og staðan er í dag, til þess að knýja hitaveitu í Fjarðabyggð. Magn varmans er margfalt á við hitapörf Reyðarfjarðar. Annað meistaraverkefni verður unnið á árinu 2018 í framhaldi af verkefni Miao en í því felst frumhönnun og fýsileikakönnun á hitaveitu frá Fjarðaáli.



Albert Alonso Villar, meistaranevi við Álaborgarháskóla, var starfsnemi hjá Austurbrú á haustmánuðum 2017. Verkefni Alberts var að skoða vinnanlegt magn lífmassa á Héraði sem hægt væri að nýta til eldsneytisframleiðslu. Niðurstöður Alberts sýna að hægt er að mæta stærstum hluta núverandi eldsneytisnotkunar sjávarútvegsins á Austurlandi með viði úr skógum á Héraði eftir um það bil 10 ár.

Verkefnið Orkuskipti á Austurlandi hlaut styrk frá Orkusjóði í lok árs til þess að setja upp 13 hleðslustöðvar fyrir rafmagnsbíla í samstarfi við sveitarfélögin á Austurlandi. Úthlutunin miðaðist við að stöðvarnar séu settar upp árið 2018 en nú þegar hafa verið settar upp stöðvar við Íþróttahúsið á Egilsstöðum, Laugarfell og Skjöldólfsstaði í Jökuldal. Stefnt er að því að mögulegt verði að hlaða rafmagnsbíla í öllum þéttbýlisstöðum á Austurlandi fyrir lok 2018.

Brothættar byggðir

Í stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2014-2017 var Bygðastofnun falið að halda áfram með verkefnið Brothættar byggðir. Markmið aðgerðarinnar er að stöðva viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum og í sveitum landsins.

Markmiðið með Brothættum byggðum er m.a. að fá fram skoðanir íbúanna sjálfra á framtíðarmöguleikum heimabyggðarinnar og leita lausna á þeirra forsendum í samvinnu við ríkisvaldið, landshlutasamtök, atvinnuþróunarfélag, sveitarfélagið, brottflutta íbúa og aðra.

Árið 2017 var úthlutað styrkjum að vori og einnig í lok sumars í verkefni Breiðdælingar móta framtíðina. Úthlutað var 12 milljónum til 28 verkefna.

Árið 2017 var samþykkt að taka inn ný byggðarlög í verkefnið, þ.á.m. Borgarfjörð eystri. Verkefnið nær því til átta byggðarlaga eins og er en verkefni Breiðdalshrepp lýkur í febrúar 2018. Í byrjun árs 2018 var nýr verkefnastjóri fyrir Brothættar byggðir ráðinn og mun hann sinna bæði Breiðdalshreppi og Borgarfirði.

Styrking innviða skapandi greina

Á árinu 2017 var lokaviðburður í verkefni sem styrkt var af Alcoa Foundation til eflingar innviða skapandi greina. Kennurum í list- og verkgreinum á Austurlandi var boðið til vinnustofu um þróun listgreinakennslu á Austurlandi sem fram fór í Sköpunarmiðstöðinni á Stöðvarfirði. Fjallaði vinnustofan um skapandi ferli í kennslu, hönnunarferlið, staðbundinn efnivið, nýtni og nýsköpun. Áfram var unnið að þróun þjónustu við frumkvöðla í skapandi greinum og er Austurbrú þátttakandi í vestnorræna verkefni START um þróun atvinnuráðgjafar á fámennum svæðum í Færeyjum og Grænlandi auk Austurlands. Munu fulltrúar verkefnisins frá þessum löndum koma til Austurlands í mars 2018 í áframhaldandi vinnu við verkefnið.

Aðstoð við frumkvöðla

Ráðgjöf við frumkvöðla er veitt í Austurbrú og er áhersla lögð á að greina hvar frumkvöðull er staddur með sína hugmynd og hvaða aðstoð hann vantar til að komast áfram með hana. Lögð er áhersla á að kortleggja hugmyndina vel og hvaða styrkleika viðkomandi hefur til að koma hugmyndinni í framkvæmd. Frumkvöðlar eru síðan tengdir við mismunandi aðila innan Austurbrúar eftir því hvar skórinn kreppir, við stoðkerfi NMÍ, mismunandi tengslanet eða vísað á einkaaðila sem veita viðeigandi þjónustu. Þá er áhersla lögð á að skoða möguleika til fjármögnunar á fyrstu skrefum, t.d. með styrkumsóknum og skoðað hvaða styrkir eru í boði fyrir viðkomandi hugmynd. Kynningarfundir frá NMÍ, Byggðastofnun og fleiri aðilum úr stoðkerfinu eru haldnir reglulega og möguleikar á fjármögnun frá þessum aðilum eru kynntir. Aðstoð við umsóknarferli í tengslum við Uppbyggingarsjóð er alltaf í boði í formi einstaklingsráðgjafar og vinnustofur eru haldnar á öllum starfsstöðvum Austurbrúar.

Austurbrú hefur undanfarin tvö ár verið tengiliður vegna verkefnis sem ber heitið FREE - Female Rural Enterprise Empowerment. Samstarfsaðilar verkefnisins koma frá Bretlandi, Króatíu, Búlgaríu og Litháen en auk Vinnuáráðsstofnunar sem leiðir verkefnið, tekur Byggðastofnun þátt í verkefninu. Konur frá Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og Austurlandi taka þátt í verkefninu og hefur Austurbrú sinnt tengslaneti á svæðinu vegna þess. Markmið verkefnisins er að efla hæfni frumkvöðlakvenna á landsbyggðinni.

Á haustmánuðum var Ratsjái á Austurlandi hleypt af stokkunum. Ratsjái er samstarfsverkefni Íslenska ferðaklasans, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og Austurbrúar og sóttu sjö fyrirtæki um að taka þátt. Markmið verkefnisins er að þátttakendur greini eigið fyrirtæki og kynnist verkfærum sem efla þá sem stjórnendur vaxandi fyrirtækja á Austurlandi. Áhersla var lögð á að efni vinnustofanna tengist vel þeirri vinnu sem unnin hefur verið á vegum Austurbrúar í tengslum við Áfangastaðinn Austurland.

Samstarf atvinnuþróunarfélaga

Atvinnuþróunarfélögin eru átta talsins og er fundað sameiginlega tvisvar á ári; á vorkundi sem haldinn er árlega í tengslum við ársfund Byggðastofnunar og haustfundi sem að þessu sinni var haldinn af Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar í byrjun nóvember. Verkefni haustfundar 2017 var vinnustofa um áherslur og markmið í málaflokkum er snúa að upplýsingaöflun, atvinnu- og byggðapróun, búsetuþáttum, atvinnuráðgjöf og samstarfi. Einnig var unnið með áherslur fjárfestingarsviðs Íslandsstofu og komu fulltrúar þeirra á fundinn til samráðs. Áformað er að vinna áfram með þessar áherslur á næstu misserum í samstarfi atvinnuþróunarfélaganna. Næsti haustfundur verður á vegum SSVN á Norðurlandi vestra.

Á árinu var unnið að gerð nýs samnings á milli atvinnuþróunarfélaga og Byggðastofnunar til næstu fimm ára. Var nýr samningur undirritaður í lok janúar 2018 í Þjóðmenningarhúsinu.

Menningarsamstarf á Austurlandi

Verkefnið er áhersluverkefni Sóknaráætlunar Austurlands og er unnið af Austurbrú. Verkefnið er þríþætt: „Markmið verkefnisins er að tryggja áframhaldandi uppbyggingu faglegs menningarstarfs á Austurlandi, m.a. með því að tryggja stöðu menningarfulltrúa, með skilgreindum menningarverkefnum í jaðarbyggðum og eflingu menningarstöðva, m.a. á sviði fræðslu og þróunar.“



Barnamenning

Austurbrú hefur unnið að eflingu barnamenningar á Austurlandi í samstarfi við menningarmiðstöðvar, sveitarfélög og Skólaskrifstofu Austurlands. Í kjölfarið hefur verið ákveðið að halda barnamenningarhátíð á Austurlandi í september 2018. Síðustu ár hefur áhersla verið á barnamenningu í stefnumótun mennta- og menningarmálaráðuneytis auk stærri sveitarfélaga á Íslandi. Auk þess hafa sveitarfélögin Fljótisdals- hérað og Fjarðabyggð unnið nýjar menningarfestur þar sem m.a. er áhersla á barnamenningu. Austurbrú, í samstarfi við Skólaskrifstofu Austurlands, tók á móti verkefninu Biophilia þar sem boðið var upp á námskeið í kennslu Biophiliu fyrir leik- og grunnskóla á Austurlandi. Við það tækifæri var haldinn fundur með barnamenningarfulltrúa Reykjavíkur, Hörpu Rut Hilmarsdóttur, en hún er einn af brautryðjendum barnamenningar í landinu. Þá stóð Austurbrú fyrir málþingi um barnamenningu þann 30. nóvember undir yfirskriftinni Kultiveraðir krakkar. Málþingið var vel sótt enda fyrirlesarar framarlega í þróun barnamenningar á landsvísu: Elfa Lilja, verkefnastjóri Listar fyrir alla, Ólöf Breiðfjörð, verkefnastjóri fræðslu- og kynningarmála hjá Menningarhúsum í Kópavogi og Kristín R. Vilhjálmsdóttir, verkefnastjóri fjölmennningar á Borgarbókasafni. Ráðstefnan Menningarlandið 2017 var haldin á Dalvík í september og tileinkuð barnamenningu. Góð þátttaka var frá Austurlandi: Tveir fulltrúar frá Austurbrú auk fimm aðila frá þrem sveitarfélögum. Forstöðukona Skaftfells var með erindi um fræðslustarfsemi á vegum Skaftfells.

Erlent samstarf

Líkt og verið hefur síðustu ár hefur samstarf við menningarráð Vesterålen í Noregi haldið áfram. Listamanskípti voru á milli Austurlands og Vesterålen. Auglýst er eftir listamönnum að vori. Valnefndir velja listamenn og dvelja þeir síðan í hvoru landi fyrir sig að hausti. Samningur er í gildi við Vopnafjarðarhrepp um að taka á móti norska listamanninum í þrjú ár og komu tveir listamenn á Vopnafjörð haustið 2017. Það voru Svein Erik Tøien, ljósmyndari og arkitekt og Marie Elisabeth Mjaaland, prestur. Svein vann við verkefnið Hjartsláttur náttúrunnar þar sem áhersla var lögð á náttúru Vopnafjarðar og vatn á hreyfingu. Austfirski listamaðurinn Steinrún Ótta Stefánsdóttir, hönnuður og ljósmyndari, var valin til dvalarinnar í Vesterålen.

Dvöl listamanna frá Vesterålen á Austurlandi hefur oft leitt til frekari verkefna og sú varð raunin 2017. Listamaðurinn Ingrid Larssen sem dvaldi á Vopnafirði haustið 2016 kom aftur til Vopnafjarðar með sýningu á verkum sem hún vann eftir dvölinu. Starfsmenn Austurbrúar, ásamt starfsmönnum Vopnafjarðarhrepps, unnu með listamanninum við undirbúning og uppsetningu. Ingrid varð heilluð af álfkonudúknum frá Bustarfelli þegar hann var kynntur fyrir henni eitt sinn er hún kom til Íslands. Því vann hún að verkefni tengt dúknum sem hún kallaði Lausir endar og fékk með sér í samstarf fornleifafræðinginn Birgit Lund. Saman unnu þær sýninguna sem var annars vegar textílverk unnið af Ingrid undir áhrifum frá Álfkonu-



Álfkonudúkurinn frá Bustarfelli.

dúknum og hins vegar rannsókn Birgit á sögunni um álfkonudúkinn sem varðveittur er í Þjóðminjasafninu. Sýningin var svo á Vopnafirði í samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands sem kom með álfkonudúkinn heim á Vopnafjörð til sýnis í nokkra daga auk sýningar á verkum Ingrid og fyrirlestur um rannsókn Birgit. Samhliða þessu var gefið út hefti um rannsóknina, sögu álfkonudúksins og myndir af verkum Ingrid. Mun þetta vera í fyrsta skipti sem munur í varðveislu Þjóðminjasafnsins er tekinn niður af sýningu til að sýna annars staðar.

Austurbrú hóf samstarf í lok árs 2017 við Grænland, Færeyjar og eyjar í Norður-Noregi. Það verkefni snýr að sjálfbærni í matarmenningu og ferðaþjónustu og er styrkt af NORA.

Dagar myrkurs

Eins og mörg undanfarandi ár hélt Austurbrú utan um og markaðssetti Daga myrkurs á Austurlandi sem fram fóru dagana 1.-5. nóvember. Fjölbreytileg menningardagskrá fór fram víðsvegar um Austurland. Má þar nefna málþing um Jón Lærða, Sembalhátíð í Vallarneskirkju, Ljóðasamkomu í Seldal og stórdansleik með Stuðmönnum.

Samstarf við menningarmiðstöðvar

Öflugt starf menningarmiðstöðva á Austurlandi heldur áfram með viðburðum, listamannadvöl og fræðslu-verkefnum fyrir grunnskólanemendur á Austurlandi. Samkvæmt samningi við Samband sveitarfélaga er gert ráð fyrir samráði og samstarfi við Austurbrú. Haldnir eru fundir Austurbrúar og menningarmiðstöðvanna og sameiginlega er unnið að þróun menningar og lista á Austurlandi. Eins og fram hefur komið er það nú fyrst og fremst á sviði barnamenningar.

Menning í jaðarbyggðum

Sérstakt fjármagn er lagt í að efla menningu í jaðarbyggðunum á Austurlandi, þ.e. á Vopnafirði og Djúpavogi. Á Djúpavogi hafa heimamenn lagt áherslu á að byggja upp Rúllandi snjóbolta, samtímalistasýningu sem haldin er á sumrin í Bræðslunni á Djúpavogi. Sýningin er samstarfsverkefni Djúpavogshrepps og Chinese European Art Center (CEAC) í Xiamen í Kína. CEAC er sjálfseignarstofnun sem stofnuð var árið 1999 af Ineke Guðmundsson með fjárhagslegum stuðningi eiginmanns hennar, Sigurðar Guðmundssonar listamanns.

Á Vopnafirði hefur í nokkurn tíma verið unnið að heimildarmynd um Vopnafjörð af Körnu Sigurðardóttur og Sebastian Ziegler. Hefur fjármagn til menningaruppbyggingar farið í gerð myndarinnar sem frumsýnd var á Vopnafirði vorið 2017. Síðustu mánuði hefur myndin síðan verið sýnd í Bíó Paradís og víða um heim á heimildakvikmyndahátíðum.

Uppbyggingarsjóður Austurlands

Uppbyggingarsjóður Austurlands er hluti af sóknaráætlun Austurlands og er þjónustusamningur við Austurbrú um umsýslu sjóðsins. Í samstarfi við stýrihóp stjórnarráðsins hafa landshlutasamtök og starfsmenn sjóðanna unnið að bættu verklagi og umhverfi fyrir Uppbyggingarsjóði landshlutanna. Til að vinna sameiginlega gátt sjóðanna hefur verið búin til heimasíða (soknaraetlun.is). Undir þessari heimasíðu fer umsóknarferlið fram auk samninga og skýrsluskila. Þegar þetta verður allt komið í gagnið verður af því mikil hagræðing og vonandi vinnusparnaður.

Frá úthlutun Uppbyggingarsjóðs Austurlands í febrúar 2017.



Úthlutun 2017 fór fram 14. febrúar í Sláturhúsinu, menningarsetri á Egilsstöðum. Fjölmenni var við úthlutunina og afhenti mennta- og menningarmálaráðherra, Kristján Þór Júlíusson, styrkina. Fljótsdals-herað bauð upp á veitingar að athöfn lokinni, sýning var á austfirskri hönnun auk tónlistaratriða frá tónlistarfólki á Egilsstöðum. Úthlutað var 58,5 milljónum króna til 80 verkefna. Alls bárust 115 umsóknir, heldur færri en árið 2016. Áætlaður heildarkostnaður verkefna er 528 m.kr. en sótt var um styrki fyrir 131 m.kr. þar af 83 m.kr. til menningarmála og 48 m.kr. til atvinnuþróunar. Styrkt voru 54 verkefni til menningarmála upp á 33,5 m.kr. og 26 verkefni til atvinnuþróunar upp á alls 25 m.kr. Áætlaður heildarkostnaður verkefna sem hlutu styrk eru 349 m.kr. Jöfn kynjahlutföll voru á milli styrkþega þar sem 40 konur og 40 karlar hlutu styrki.

Eiríkur Hilmarsson, formaður úthlutunarnefndar, sagði við úthlutunina að umsóknirnar bæru þess merki að mikil gróska væri í menningarmálum í landshlutanum og gott hefði verið að geta styrkt verkefni betur. Þá hlutu mörg sprotafyrirtæki styrki og taka vonandi góðan vaxtarkipp sem fyrst.

Verkefni tengd menntun og rannsóknum

Eitt meginmarkmið Austurbrúar er að stuðla að fjölbreyttum menntunarmöguleikum fullorðins fólks á Austurlandi og vera samstarfsvettvangur fyrir aðila er vinna að verkefnum á sviði menntunar fullorðinna. Austurbrú vinnur að menntamálum samkvæmt óskum og þörfum atvinnulífs og almennings, bæði hvað varðar símenntun ófaglærðra og verkefni sem tengjast uppbyggingu á auknu framboði háskólanáms á svæðinu, auk þess að veita háskólanemum á Austurlandi margvíslega þjónustu. Austurbrú tekur einnig þátt í rannsóknaverkefnum, stuðlar að og hvetur til rannsókna á Austurlandi og sinnir rannsókn- og greiningarverkefnum á verkswiði stofnunarinnar eftir því sem fé fæst til.

Símenntun

Starfsmenn Austurbrúar kynna, miðla og skipuleggja nám sem einstaklingar og fyrirtæki í fjórðungnum kunna að þurfa og óska eftir hverju sinni. Árlega er haldinn fjöldi námskeiða fyrir ólíka hópa. Ef talið er saman hversu margir námskeiðshópar eða námsleiðir voru í gangi árið 2017 voru haldin 94 námskeið á vegum Austurbrúar samanborið við 70 námskeið árið 2016. Þetta eru námskeið og námsleiðir sem eru mismunandi að lengd og uppbyggingu, allt frá nokkurra klukkustunda námskeiðum til námsleiða sem standa yfir í margar annir. Töluverð fjölgun var í námskeiðum frá 2016 en þá hafði orðið fækkun frá árunum þar áður. Nemendastundum fjölgaði einnig verulega frá fyrra ári í samræmi við fjölgun námskeiða og fleiri langar námsleiðir.

Auk námsleiða samkvæmt námskrám Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins voru haldin námskeið í íslensku fyrir útlendinga, námskeið fyrir fatlaða samkvæmt samningi við Fjölmenn, starfstengd námskeið ýmis konar, t.d. í tengslum við fræðsluáætlanir og annars konar námskeið.

Námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins

Stóriðjuskólinn

Eitt af stærri verkefnum Austurbrúar er Stóriðjuskólinn sem rekinn er í samstarfi við Alcoa Fjarðaál. Námið er samkvæmt námskrá frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og ber nafnið Nám í stóriðju. Það skiptist í sex annir, annars vegar þrjár annir í grunnnámi og hins vegar þrjár annir í framhaldsnámi. Kennsla fer fram einu sinni í viku, frá átta til fjögur og eru kenndir um fimmtán dagar á önn í grunnnámi en níttján dagar í framhaldsnámi.

Námið skiptist í almennar bóklegar greinar, t.d. eðlisfræði, stærðfræði, ensku og tölvur en hins vegar námskeið sem tengjast álframleiðslu beint. Þar má nefna vinnu í kerskála og steypuskála, umhverfis-, heilsu- og öryggismál á vinnustaðnum. Bæði grunn- og framhaldsnámi lýkur með lokaverkefni þar sem nemendur velja sér viðfangsefni tengd starfinu og þá oftast en ekki eitthvað sem þeir vilja betrumbæta.

Á árinu 2017 voru nemendur í grunn- og framhaldsnámi rúmlega fimmtíu. Yfirleitt halda flestir sem ljúka grunnnámi áfram í framhaldsnám og nýir hópar í grunnnámi taka við, svo ekki er fyrir séð að nemendum í þessu námi fækki á næstunni.

Frá kennslu í Stóriðjuskólanum í Fróðleiksmolanum á Reyðarfirði.



Fagnámskeið fyrir starfsfólk í leikskóla

Fagnámskeið starfsmanna leikskóla er 210 kennslustunda grunnám fyrir umönnun og gæslu leikskóla-barna og ætlað þeim sem starfa á leikskólum, eru eldri en 20 ára og hafa ekki lokið formlegu framhaldsskólánámi. Fagnámskeið starfsmanna leikskóla er 210 af 230 kennslustundum sem eru fullnægjandi undirbúningur fyrir leikskólalábrú framhaldsskóla.

Námsleiðin er þrjár annir, hófst í september 2017 og líkur í desember 2018. Í þessu námi eru 16 konur af erlendu bergi brotnar. Þær eiga það sameiginlegt að vinna á leikskólum í Fjarðabyggð. Starfsreynsla þeirra er afar misjöfn og misjafnt hve langt er liðið frá því þær voru síðast í skóla. Engar kröfur eru gerðar til lágmarksskólagöngu áður en nám hefst og nemandi gangast ekki undir formleg próf. Tímar fara fram einu sinni í viku og heimaverkefni eru unnin. Sveigjanleiki námsleiðarinnar er notaður í íslenskukennslu.

Menntastoðir

Námsleiðin Menntastoðir hófst um miðjan september. Til að koma til móts við íbúa í dreifbýli var námsleiðin kennd í fjarnámi. Árangur haustannar var góður og ekkert brottfall nemenda. Kennarar setja námsefni hvernar viku, þ.e. fyrirlestra, lesefni og verkefni, inn á vefsvæði þar sem þátttakendur geta nálgast það og skila svo verkefnum sínum þangað inn. Almennt eru þátttakendur ánægðir með fyrirkomulagið og segja það henta vel með vinnu og fjölskyldulífi.

Frá kennslu í menntastoðum í Vonarlandi á Egilsstöðum.



Samstarf við Starfsendurhæfingu Austurlands

Samstarfið fólst m.a. í kennslu tveggja námsleiða Fræðslumiðstöðvarinnar. Auk þessara námsleiða eru haldin ýmis námskeið sem fram fara í húsakynnum StarfA. Austurbrú skipar fulltrúa í stjórn StarfA.

Stökkpallur

Áhersla er lögð á að byggja upp samskiptafærni, efla sjálfstraust og þjálfa þátttakendur til atvinnuþátttöku í mismunandi starfsumhverfi og til áframhaldandi náms. Þátttakendur vinna markvisst að eigin færniuppbyggingu með markmiðasetningu, þjálfun í samskiptum og tjáningu, auknu fjármálalæsi, skipulögðum vinnubrögðum við upplýsingaleit og aukinni hæfni til að taka þátt í námi og starfi. Markmið námsins er að auka starfshæfni þátttakenda og gera þá meðvitaðri um eigin styrkleika. Námið samanstendur af námskeiðum og fyrirlestrum auk verkefnavinnu.

Myndlistasmiðja

Markmiðið er á að þátttakendur læri vinnuferli í gerð myndlistaverka og framsetningu þeirra undir handleiðslu sem miðast við nýliða í skapandi starfi. Áhersla er lögð á undirstöðuþekkingu, leikni og hæfni fyrir nýliða á svið sköpunar og framsetningar, að þátttakendur læri og tileinki sér sjálfstæð og öguð vinnubrögð auk þess sem þeir efla samvinnu- og samskiptafærni sína. Áhersla er lög á hugmyndavinnu, útfærslu og grunnatriði listmálunar, þjálfun litaskyns með litafræðiformúlum og tengingu við umhverfið.

Íslenskunemar hjá Austurbrú bregða á leik.



Þátttakendur tileinka sér litgreiningu og málun eftir fyrirmynd. Þeir kynnast alhliða litfræði og áhöldum ásamt framsetningu í myndfleti og tölvu. Þátttakendur þróa sínar eigin hugmyndir og setja þær fram í þar til gerða skissu- eða verkdagbók.

Íslenska fyrir útlendinga

Á árinu voru haldin tólf námskeið í íslensku fyrir útlendinga og var fjöldi þátttakenda rúmlega hundrað. Þetta er mikil aukning frá síðasta ári og í raun meiri fjöldi en reiknað hafði verið með. Útlit er fyrir að fjöldinn 2018 verði svipaður.

Raunfærnimat

Raunfærnimat í skógrækt

Austurbrú fékk styrk frá Þróunarsjóði framhaldsfræðslu til að þróa raunfærnimat í skógrækt í samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands, Garðyrkjuskólann á Reykjum og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Markmið verkefnisins er að þróa raunfærnimat fyrir fólk sem hefur unnið í skógargeiranum í meira en þrjú ár, er eldra en 23 ára og langar að sækja sér meiri menntun. Undirbúningur að matinu fór fram haustið 2016 og voru þá m.a. gerðir gátlistar til að meta fólk eftir en matið sjálft fór fram vorið 2017. Matsaðili kom frá Landbúnaðarháskólanum og metið var á móti námsskrá námsbrautar Skógur og náttúra sem kennd er við skólann. Alls luku sjö einstaklingar þessu mati.

Raunfærnimat í fiskvinnslu

Haustið 2017 hófst undirbúningur fyrir raunfærnimat í fiskvinnslu en Austurbrú hafði fengið fjárveitingu fyrir verkefninu frá Fræðslusjóði í janúar 2017. Náms- og starfsráðgjafi hélt utan um vinnuna. Ráðgjafi hafði samband við starfsmannastjóra HB Granda á Vopnafirði og fékk góðfúslegt leyfi til að mæta á vinnustaðinn og kynna raunfærnimatið fyrir starfsfólki í kaffitíma. Eftir að hafa fengið kynningu á verkefninu skráðu níu starfsmenn sig og voru þeir allir metnir hæfir í raunfærnimat. Verkstjóri hjá Síldarvinnslunni sá um að safna í lítinn hóp þátttakenda þaðan eða alls fimm manns og einn þátttakandi kom frá Loðnuvinnslunni á Fáskrúðsfirði. Alls voru þátttakendur fimmtán eins og fjárúthlutun gerði ráð fyrir. Framkvæmd verkefnisins fer fram í janúar 2018.

Fræðsluáætlanir fyrirtækja

Austurbrú vinnur fræðsluáætlanir fyrir fyrirtæki og stofnanir á Austurlandi þar sem byggt er á aðferðafræði Markviss ráðgjafar. Ráðgjafarnir vinna greiningu á fræðsluþörfum starfsfólks í samvinnu við starfsmenn og stjórnendur. Í framhaldinu verður til fræðsluáætlun, oftast til nokkurra ára í senn. Fræðsluáætlunin inniheldur skipulag fyrir menntun og þjálfun starfsfólks.

Austurbrú hefur sinnt framkvæmd þessara áætlana og árið 2017 voru í gildi áætlanir fyrir Heilbrigðisstofnun Austurlands, Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs, Síldarvinnsluna og leik- og grunnskóla á Héraði. Áætlanir HSA og Félagsþjónustunnar gilda út árið 2018 en áætlanir SVN og skólanna gilda út árið 2020. Fyrir liggur endurskoðun áætlunar HSA og gerð nýrrar áætlunar fyrir Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs með aðkomu Félagsþjónustu Fjarðabyggðar. Haldin voru fjölbreytt námskeið fyrir starfsfólk fyrirtækjanna, námskeiðin voru vel sótt og almenn ánægja var með fyrirkomulagið.

Góð reynsla af fræðsluáætlunum hefur aukið eftirspurn eftir slíku á Austurlandi og liggur nú fyrir að setja þrjár nýjar áætlanir saman á árinu 2018.

Samstarf við Fjölmenn

Austurbrú hefur umsjón með námsleiðum fyrir fólk með fötlun á Austurlandi. Fjármögnun kemur frá Fjölmenn, símenntunar- og þekkingarmiðstöð, sem jafnframt sinnir ráðgjöf og stuðningi við fræðslu- stofnanir varðandi nám og símenntun fyrir fatlað fólk á Íslandi. Haldin voru 14 námskeið á árinu 2017.

Á vorönn voru haldin þrjú handverksnámskeið með áherslu á málun, hönnun og tálgun, tvö tónlistar- námskeið (annað í tengslum við Eurovision), matreiðslunámskeið auk þess sem haldið var áfram með námskeiðið Hugsum vel um okkur - CrossFit, sem haldið var báðar annarnar. Á haustönn voru að auki haldin tölvu-, ensku- og jóganámskeið og haldið var áfram með námsleiðina Skóli lífsins.

Náms- og starfsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjöf er mjög mikilvæg fyrir fólk með litla eða enga menntun, ekki síst á landsbyggðinni þar sem menntunarstigið er almennt lægra miðað við höfuðborgarsvæðið og minna um námsframboð. Náms- og starfsráðgjöf fyrir fullorðna hefur verið sinnt á Austurlandi á vegum Austurbrúar. Samningur við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins veitir Austurbrú fjárhagslegan styrk til að sinna verkefninu. Síðari hluta árs 2016 og fyrri hluta árs 2017 hafði Austurbrú ekki náms- og starfsráðgjafa í sínum starfsmannahópi.



Samið var við verktaka um að sinna því starfi en af þessum sökum urðu ráðgjafaviðtöl á vorönn færri en áætlað var.

Ráðgjafastarfið gekk mun betur á haustönn. Í ágúst 2017 hóf náms- og starfráðgjafi störf hjá Austurbrú. Í upphafi haustannar fór af stað fræðsluáætlun í leik- og grunnskólum á Fljótsdalshéraði og var þjónusta náms- og starfsráðgjafa kynnt þar. Farið var í skóla á Fljótsdalshéraði í tengslum við fræðsluáætlun sem þar er í gangi og ráðgjöfin kynnt. Einnig var raunfærnimat kynnt fyrir hópnum ásamt nokkrum mögulegum námsleiðum. Þessi aðferð virkaði vel og í kjölfarið skráðu nokkrir sig í viðtal.

Svipuð aðferð var notuð þegar farið var af stað með fagnámskeið fyrir erlent starfsfólk í leikskólum Fjarðabyggðar. Námsráðgjafinn hafði einnig viðtækara hlutverk, sá um sjálfstærkingu, markmiðasetningu og námstækni, ásamt því að taka viðtöl við alla þátttakendur. Það skilaði því að stór hluti þátttakenda stefnir á að fara í nám næsta haust. Ráðgjafi var einnig með kynningu fyrir allt starfsfólk í öllum leikskólum Fjarðabyggðar sem skilaði mörgum viðtölum. Eftirspurnin virðist fara vaxandi og hefur þessi aðferð virkað vel til að kynna þjónustuna. Eins er starfsfólk Austurbrúar nokkuð duglegt að vísa á ráðgjafa.

Vel gekk að ná til ráðþega síðari hluta árs en svæðið er fámenn og víðfeðmt og því krefst vinnu að ná til fólks. Viðtöl á árinu 2017 voru 262 talsins og voru 83% þeirra innan markhóps framhaldsfræðslunnar, þ.e. við fólk sem hefur ekki lokið formlegri menntun.

Háskólaþjónusta

Áætlað er að háskólaþjónusta Austurbrúar hafi á árinu 2017 þjónað á milli 150-200 háskólanemum á einhvern hátt en erfitt er að gefa upp nákvæma tölu því mismunandi er hvernig og hversu lengi nemandi nýta þjónustu Austurbrúar. Fjöldi þeirra sem tekur próf gefur heldur ekki endanlega mynd af fjölda nema því heimapróf og verkefnaskil koma stundum í stað prófa og staðnemandar frá háskólunum taka stundum prófin í heimabyggð en nýta enga aðra þjónustu.

Milli 150 og 180 háskólanemar tóku próf hjá Austurbrú árið 2017. Samtals tóku þessir nemandar um 800 próf hjá Austurbrú árið 2016. Prófaumsýsla er orðin töluvert umfangsmikil í starfi Austurbrúar. Auk háskólaþjónustu eru þar tekin ýmskonar réttindapróf, próf í íslensku vegna ríkisborgararéttar og A-próf vegna inntöku nemenda í sumar greinar í háskóla. Próf af einhverju tagi fara fram nánast allan ársins hring. Þau þarf að umsýsla eftir ströngum reglum um meðhöndlun prófa, skönnun og sendingu prófúrlausna og eyðingu persónugreinanlegra gagna.

Þjónusta við háskólanemendur var með svipuðu sniði árið 2017 og áður. Haldin voru námskeið í ritgerðasmíðum, hugarkortagerð, heimildaskráningu og gagnasafnaleit. Fyrir utan próftökur sækja nemendur kennslu og fundi í fjarfundabúnaði, nokkrir tugir hafa lesaðstöðu í starfsstöðvum stofnunarinnar og margir fá leiðbeiningar og aðstoð varðandi nám, s.s. námstækni, skipulag verkefna og ráðgjöf vegna prófkvíða.

Framboð á námsgreinum í fjarnámi frá íslenskum háskólum hefur að mestu staðið í stað undanfarin ár og nemendafjöldi einnig. Nemendur á Austurlandi eru úr öllum háskólunum nema Listaháskóla Íslands. Flestir stunda nám við Háskólann á Akureyri og næstflestir við Háskóla Íslands.

Flestir nemendur sóttu þjónustu til starfsstöðvarinnar á Egilsstöðum, Reyðarfjörður kemur þar næst og síðan aðrar starfsstöðvar.

Rannsóknarverkefni

Rannsóknarverkefni eru af tvennum toga; annars vegar verkefni sem fyrirtæki og stofnanir kaupa og hins vegar verkefni sem Austurbrú hefur frumkvæði að og rúmast innan fjárhagsáætlunar en einnig eru sóttir ýmsir styrkir.

Á árinu 2017 gerði Austurbrú samning um að vinna innviðagreiningu fyrir Fljótsdalshérað. Innviðagreiningunni er ætlað að draga fram styrkleika Fljótsdalshéraðs fyrir þá sem hafa áhuga á að fjárfesta innan sveitarfélagsins. Austurbrú og Fljótsdalshérað hafa átt í samtali við Íslandsstofu um nauðsynlegt innihald slíkrar greiningar. Unnið er að því að setja niðurstöður greiningarinnar fram á myndrænan og skýran hátt. Þetta er fyrsta innviðagreiningin sem Austurbrú vinnur en stefnt er að því að þróun á verkefninu fyrir Fljótsdalshérað muni nýtast til þess að vinna sambærilegar greiningar fyrir önnur svæði á Austurlandi.

Styrkur frá Þróunarsjóði innflytjendamála fékkst fyrir rannsóknarverkefni meðal innflytjenda á Austurlandi. Verkefnið var unnið á haustmánuðum 2017 og skilað til sjóðsins og til birtingar á heimasíðu Austurbrúar í janúar 2018.

Hafist var handa við frekari greiningu á gögnum sem safnað var í Eyjahjartarannsókninni og er nú horft til þess að greina efnahagslegan ávinning þeirra hátíða sem haldnar eru á Austurlandi. Gert er ráð fyrir að birta grein um þær niðurstöður á árinu 2018.

Rannsóknir unnar innan Austurbrúar voru kynntar á þremur ráðstefnum á árinu 2017. Samantektaryfirlit yfir rannsóknarverkefni síðustu ára var kynnt á ársfundi þekkingarsetra í október og haustfundi Tengslanets austfirskra kvenna í nóvember. Að auki var kynning á efni sem Austurbrú hefur unnið um um íbúapróun Austurlands og launamun kynjanna á ráðstefnunni Auður Austurlands sem haldin var í desember.

Kvasir og Leikn - samstarf um fullorðinsfræðslu

Austurbrú tekur þátt í samstarfi Kvasis og Leiknar sem vinna bæði að framgangi fullorðinsfræðslu. Kvasir eru samtök 11 fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á Íslandi. Allar miðstöðvarnar starfa að:

- öllu leyti eða að hluta til á grundvelli laga um framhaldsfræðslu nr. 27/2010, samkvæmt samningi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og vinna fræðsluverkefni með stuðningi Fræðslusjóðs
- samkvæmt samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið að framhaldsfræðslu og símenntun
- til almannaheilla á samfélagslegum grunni (non-profit)

Kvasir heldur árlega tvo vinnufundi þar sem aðilar bera saman bækur, ræða hagsmunamál og leiðir til að bæta og styrkja starfið en á milli fundar stjórn oftast símleiðis. Kvasir hefur að markmiði að standa vörð um fullorðinsfræðslu og berjast fyrir hagsmunum símenntunarmiðstöðva. Aðalfundur Kvasis 2017 var haldinn á Selfossi í apríl 2017 og haustfundur á Ísafirði í október. Á haustfundi var m.a. haldið áfram með stefnumótunarvinnu sem hófst 2016 og einnig var fjallað um persónuverndarmál og þá vinnu sem stofnanir þurfa að ráðast í vegna nýrra persónuverndarlaga. Guðrún Á. Jónsdóttir er fulltrúi Austurbrúar í Kvasi og er gjaldkeri samtakanna en miðstöðvarnar skipta með sér stjórnarsetu samkvæmt ákveðnu kerfi. Austurbrú tekur einnig þátt í samstarfi Leiknar sem er sameiginlegur vettvangur fleiri fullorðinsfræðslu-aðila en eru í Kvasi og málsvari þeirra gagnvart stjórnvöldum. Tilgangur samtakanna er að efla fræðslu fullorðinna á Íslandi. Í Leikn eru fræðsluaðilar og frjáls félagasamtök sem hafa það meginhlutverk að bjóða fræðslu fyrir fullorðna, starfa til almannaheilla á samfélagslegum grunni (nonprofit), eru sjálfstæðir rekstraraðilar og starfa utan hins formlega skólakerfis.

Samstarf þekkingarsetra

Austurbrú tekur þátt í samstarfi þekkingarsetra sem starfa vítt og breitt um landið og njóta stuðnings á fjárlögum samkvæmt samningum. Samstarfið hófst formlega með fundi í Sandgerði snemma árs 2014. Ársfundur samtakanna 2017 var haldinn á Egilsstöðum í október og var þar rætt um núverandi starf þekkingarsetrana og framtíðarhorfur auk þess sem fundarmenn heimsóttu þekkingarstofnanir á Vönarlandstorfundi á Egilsstöðum.

Önnur verkefni og þjónusta

Miðstöð menningarfræða

Austurbrú sinnir verkefnum Miðstöðvar menningarfræða fyrir Seyðisfjarðarkaupstað. Helstu markmið verkefnisins eru að:

- Skapa vettvang til að uppgötva, varðveita og miðla menningu.
- Aðstoða fræði- og listamenn með ýmsum hætti, t.d. varðandi aðstöðu, tengsl við sérfræðinga og þekkingu á svæðinu.
- Veita þjónustu fyrir rannsóknarverkefni og miðlun tengda menningu.
- Efla samvinnu fræðimanna, leikmanna og fræðistofnana.

Verkefni ársins 2017 voru margvísleg, en þau eru flest unnin í náinni samvinnu við Seyðisfjarðarkaupstað, Skaftfell, miðstöð myndlistar á Austurlandi og Tækniminjasafn Austurlands.

Verkefnastýring og umsjón var höfð með tónleikaröðinni Bláu kirkjunni. Tónleikaröðin er orðin vel þekkt um allt land og berast ávallt margar umsóknir frá tónlistarfólki í fremstu röð. Á árinu voru haldnir sex tónleikar og fólst starfið í skipulagningu dagskrár, samskiptum við tónlistarfólk, markaðssetningu, bókhaldi og öðru því sem tengist tónleikaröðinni.

Unnið hefur verið að endurútgáfu Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar og hefur Miðstöð menningarfræða umsjón með því verki. Verkið er komið nokkuð áleiðis og er stefnt að útgáfu um mitt ár 2018.

Seyðisfjarðarkaupstaður vinnur að gerð tillögu um að hluti byggðarinnar þar verði gerður að verndarsvæði í byggð. Verkefnastjóri Miðstöðvar menningarfræða kom að þeirri vinnu og gerði m.a. húsakönnun fyrir þau hús sem á fyrirhuguðu verndarsvæði standa. Sú vinna var að miklu leyti byggð á þeim góðu upplýsingum sem finna má í Húsasögðu Seyðisfjarðarkaupstaðar eftir Þóru Guðmundsdóttur.

Vinna hófst við rannsóknarverkefnið „Menningarsaga Seyðisfjarðar“ sem snýst um skrásetningu á menningarsögu Seyðisfjarðar, allt frá 1880 til dagsins í dag. Farið verður yfir sögulegar heimildir og reynt að skrásetja þau félög, stofnanir, viðburði og listamenn sem komið hafa við sögu frá byrjun. Tekin verða viðtöl við frumkvöðla og stofnendur, sem og þá sem að þessu starfa í dag, kannað viðmót sveitarfélagsins, íbúa, kjörinna fulltrúa fyrr og nú. Þetta verður kortlagt út frá ætluðum menningar- og félagsauð. Var eitthvað í umhverfinu sem gerði það að verkum að menningin dafnaði eins og raun ber vitni eða var þetta spurning um nokkra eldhuga sem létu/látu ekkert stoppa sig? Hindranir og stuðningur kortlagður. Hefur nálægð við útlönd með ritsímanum og tíðum siglingum hér í eina tíð, sem og vikulegum siglingum Smyril Line hér í áratugi, haft eitthvað að segja. Eða að Seyðisfjörður er endastöð sem býr við vissa einangrun frá öðrum, sérstaklega á veturna? Höfðu einstaka atburðir, t.d. 100 ára kaupstaðarafmælið, áhrif til uppbyggingar? Líklegast útilokar eitt ekki annað. Getur þessi saga verið öðrum innblástur eða hjálp við verkefni annars staðar? Á árinu var verkefnið afmarkað og mismunandi verkþættir skipulagðir. Byrjað var að taka viðtöl og hafist handa við að skoða skriflegar heimildir frá árdögum seyðfirks bæjarsamfélags.



Þá var gerður listi yfir mögulega rannsóknæfni er tengjast menningu og menningarmálum á Austurlandi og hann sendur til fjölda háskólakennara og rannsóknastofnana í því skyni að reyna að hvetja til rannsókna á menningarfræðum í víðum skilningi. Ágætis viðbrögð fengust við þessu en ekkert verkefni hefur enn farið af stað, eftir því sem vitað er. Nauðsynlegt er að minna reglulega á þennan möguleika til að byggja upp þekkingargrunn um hin ýmsu málefni er tengjast austfirsku menningarstarfi.

Verkefnisstjóri kom einnig að undirbúningi að riti sem Skaftfell hyggst gefa út árið 2018 í tilefni af 20 ára afmæli sínu. Starfið fólst í gerð styrkumsókna og hugarflugsfunda um ritið auk þess að heimildir voru skoðaðar.

Stafræn framleiðsla fyrir alla

Námskeiðaröðinni Stafræn framleiðsla fyrir alla lauk í maí 2017 með námskeiði um notkun stóra fræsarans í Fab Lab Austurland. Þetta var fimmta námskeiðið sem haldið var innan verkefnisins sem hlaut styrk úr Þróunarsjóði framhaldsfræðslu árið 2015. Markmið verkefnisins var að auka þekkingu á upplýsingatækni og hagnýtingu hennar hjá markhópi framhaldsfræðslunnar og að skapa þekkingu sem hvetur til frumkvöðlastarfs og nýsköpunar einstaklinga. Öll kennsla fór fram í Fab Lab Austurland en þar er til staðar búnaður fyrir stafræna framleiðslu. Lokaskýrsla verkefnisins er birt á heimasíðu Austurbrúar. Þar má finna lýsingar á öllum námskeiðunum.

Rafrænt námsefni

Austurbrú fékk styrk frá Þróunarsjóði framhaldsfræðslu til að þróa rafrænt námsefni fyrir nýliða í móttöku á gisti- og veitingastöðum á Austurlandi. Verkefnið er liður í markaðsáttakverkefninu Áfangastaðurinn Austurland. Markmiðið með námskeiðinu er að efla starfsfólk í móttöku á gisti- og veitingastöðum í almennri kunnáttu um nærumhverfið sitt, veita því innsýn í nýja hugmyndafræði um gestrisni og kenna ýmis hagnýt og gagnleg atriði sem eflir starfsfólk í starfi og hjálpar til við að gera Austurland og Ísland að góðum áfangastað að heimsækja.

Hvert námskeið er sérsniðið að landshluta og tilraunaútgáfa þessa verkefnis miðast við Austurland. Námskeiðið er 90 mínútur og samanstendur af örmyndböndum og texta sem leiðir nemandann áfram og eftir hvern kafla er stutt könnun sem nemandinn verður ná a.m.k. 70% árangri í.

Kynning, tilraunakennsla og mælingar á námskeiðinu verða vorið 2018 og lokaskýrsla verkefnisins verður birt á heimasíðu Austurbrúar í lok maí 2018.

Tæknidagur fjölskyldunnar

Tæknidagur fjölskyldunnar var haldinn í fimmta skiptið í Verkmenntaskóla Austurlands þann 7. október 2017. VA og Austurbrú standa að deginum sem er orðinn einn af stærstu viðburðum ársins á Austurlandi. Markmið Tæknidagsins er að vekja áhuga almennings á fjölbreyttum og spennandi viðfangsefnum tækni, verkmennta og vísinda og örva sköpunargleði. Fyrirtæki, stofnanir og frumkvöðlar kynna starfsemi sína og er dagskráin sniðin að öllum aldurshópum. Um 1200 gestir skráðu sig í gestabækur, en þátttakendur í deginum voru á annað hundrað frá um 40 fyrirtækjum og stofnunum.

Frá Tæknidegi fjölskyldunnar sem haldin er árlega í Neskaupstað.



Sjálfbærni-verkefnið

Austurbrú hefur haldið utan um Sjálfbærni-verkefni Alcoa Fjarðaáls og Landsvirkjunar frá janúar 2013. Verkefnið var sett á laggirnar til að fylgjast með áhrifum framkvæmda við Kárahnjúkavirkjun og álverið á Reyðarfirði á samfélag, umhverfi og efnahag á Austurlandi. Vöktun hófst í október 2007 eftir undirbúningsvinnu sem fól í sér samráð við mismunandi aðila, bæði hlynnta og andvíga framkvæmdunum. Fylgst er með 16 samfélagsvísium, 24 umhverfsvísium og 5 efnahagsvísium.

Fjórir starfsmenn Austurbrúar komu að vinnu við verkefnið á árinu 2017. Í tilefni þess að vöktun hafði staðið yfir í 10 ár var leitað til Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands um gerð úttektar á samfélagsvísium og verklagi verkefnisins. Niðurstöður voru kynntar á ársfundum verkefnisins sem haldinn var á Eskifirði 9. maí og birtar í skýrslu sem kom út í desember 2017. Þátttakendur á ársfundinum voru um 50.

Auður Austurlands

Austurbrú styrkti ráðstefnuna Auður Austurlands sem Tengslanet austfirskra kvenna stóð fyrir í desember 2017 á Egilsstöðum. Ráðstefnan var vel sótt og meðal fyrirlesara var Tinna Halldórsdóttir, verkefnastjóri Austurbrúar, en hún kynnti rannsókn sína á launamun kynjanna á Austurlandi. Niðurstöðurnar vöktu mikla athygli og var um þær fjallað í helstu fjölmiðlum landsins.

Aukið samstarf Austurbrúar í Kaupvangi á Vopnafirði

Samstarf Austurbrúar og Vopnafjarðarhrepps jókst á árinu þar sem Austurbrú hefur tekið meiri þátt í skipulagningu og framkvæmd menningarlegra viðburða en áður. Þessi breyting varð vegna þess að menningarmálafulltrúi Vopnafjarðarhrepps lét af störfum og ekki var ráðið strax í stöðuna. Starfsmaður Austurbrúar sinnir ýmsum verkefnum menningarfulltrúa þangað til nýr starfsmaður verður ráðinn.

Samstarf Austurbrúar við félag eldri borgara í tengslum við verkefnið Myndagrúsk hefur verið óbreytt undanfarið starfsár miðað við fyrri ár. Enn er mikill áhugi hjá félögum og mikil aðsókn á fundi og viðburði. Samstarf hefur myndast við ýmsa aðila í tengslum við þetta verkefni, m.a. Yrki arkitekta ehf sem vinna nú fyrir Vopnafjarðarhrepp í tengslum við verkefnið Verndarsvæði í byggð.

Veljum Vopnafjörð

Veljum Vopnafjörð var eins árs verkefni á vegum Vopnafjarðarhrepps í samstarfi við Byggðastofnun og Austurbrú. Haldnir voru tveir íbúarfundir 2016 þar sem meginskilaboðin voru dregin saman í þrjú orð: Yngri, kraftmeiri og fjölbreyttari Vopnafjörður. Stýrihópur, skipaður fulltrúum Vopnafjarðar, aðilum frá Byggðastofnun og Austurbrú, ásamt verkefnisstjóranum Sigurborgu Hannesdóttur, vann úr þeim skilaboðum og óskum sem fram komu á fundunum og setti fram í Stefnuþlaggi 2016-2017 sem var lagt fram á málstofu í apríl 2017. Málstofan var sótt af um 50 íbúum og mikil og lifandi umræða fór fram eftir flutning erinda.

Frá vinnufundi verkefnastjórnar í Veljum Vopnafjörð haustið 2017.





Austurbrú ses.

Vonarlandi
700 Egilsstaðir
470-3800
austurbru.is
austurbru@austurbru.is